

### 33. fundur umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar.

Haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar 26. okt. 2009 kl.12:00

Mætt eru: Vífill Þorfinnsson, Sigurður J. Jónsson, Kristján Úlfarsson og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

#### DAGSKRÁ:

##### 1. Ýmis drög.

- A. Gjaldskrá og reglur fyrir geymslusvæði í Langanesbyggð.  
*Nokkur umræða fór fram og er tillaga að rukkað verði kr. 120 m/vsk. á m<sup>2</sup> og að lámarks leigustærð verði 12 m<sup>2</sup>. Sveitarstjóri leggur til að textinn í 12. gr. þar sem fjallað er um vsk. verði færður undir 6. gr. þar sem verðskráin er, að öðru leyti verða drögin óbreytt. **Samþykkt samhljóða.***
- B. Leiðbeiningar fyrir byggingaraðila í Langanesbyggð.  
*Að beiðni USB hefur sveitarstjóri dregið saman texta sem er leiðbeinandi fyrir þá einstaklinga sem hyggjast fara í byggingaframkvæmdir. Sveitarstjóra falið að setja þetta á heimasíðu sveitarfélagsins. **Samþykkt samhljóða***
- C. Leiðbeiningar, stærðir um byggingu geymsluskúra.  
*Með þessum leiðbeiningum er einungis verið að taka á því að fari bygging yfir þessi viðmið þarf að skila inn byggingarnefndarteikningum. **Samþykkt að sveitarstjóri vinni áfram í málinu.***
- D. Umsókn um leigupláss á geymslusvæði í Langanesbyggð.  
*Umsóknareyðublað lagt fram til kynningar .*
- E. Umsókn um stöðuleyfi í Langanesbyggð.  
*Eins og fram kemur í lögum þarf að sækja um stöðuleyfi fyrir gáma, hjólhýsi, báta og torgsöluhús og þar sem sveitarfélagið getur nú boðið upp á geymslusvæði verða allir að sækja um stöðuleyfi. Sveitarstjóra falið að kynna efnið. **Samþykkt samhljóða.***
- F. Umsókn um byggingarlóð í Langanesbyggð.  
*Umsóknareyðublað fyrir þá sem ætla að sækja um lóðir. Sveitarstjóra falið að koma þessu á heimasíðu sveitarfélagsins. **Samþykkt samhljóða.***
- G. Yfirlýsing um ábyrgð á mannvirkjagerð.  
*Um er að ræða eyðublað sem byggingaraðilar láta meistara skrifa uppá um ábyrgð á mannvirkjagerð. Sveitarstjóra falið að koma því á heimasíðu sveitarfélagsins. **Samþykkt samhljóða.***

##### 2. Drög að reglum um snjómokstur í Langanesbyggð.

*Lagt fram til kynningar. Nokkur umræða fór fram, unnið verður áfram í málinu. **Samþykkt samhljóða.***

### **3. Önnur mál.**

- A. *Umsókn frá Jóni Gunnþórssyni fyrir hönd Reynis Atla Jónssonar um leyfi til að byggja 20 m<sup>2</sup> bílageymslu við Austurveg 14 á Þórshöfn. USB samþykkir umsóknina fyrir sitt leiti með fyrirvara um samþykki eldvarnaeftirlits og byggingarfulltrúa. **Samþykkt samhljóða.***
- B. *Nokkur umræða fór um 61. gr. byggingarlaga en í þeim lögum er tekið á þeim úrræðum sem sveitarfélagið hefur vegna viðhalds á húsum og lóðum.*

*Fundargerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.  
Fundargerðin er tvær blaðsíður.*